

Fundur: Aðalfundur Gígunnar, landssambands íslenskra kvennakóra var haldinn 29. apríl 2005 í Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði og hófst hann kl. 17:30.

Fundarefni og niðurstöður fundar:

1. Fundarsetning

Formaður Gígunnar, Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Hún lagði til að Steiney Haraldsdóttir yrði skipaður fundarstjóri og Ásdís Hjálmtýsdóttir ritari fundarins. Það var samþykkt og tók Steiney þá við fundarstjórn og Ásdís við ritun fundarins.

2. Ársskýrsla

Formaður Gígunnar, Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir flutti ársskýrslu Gígunnar:

*Heilar og sælar og innilega velkomnar á aðalfund Gígunnar
Ég heiti Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir og er formaður Gígunnar. Með mér í stjórn hafa verið Ásdís Hjálmtýsdóttir, Ásdís Helga Bjarnadóttir, Kristín Ingimundardóttir og Heiða Gunnarsdóttir.*

Dagskráin liggur hér frammi ásamt tillögu stjórnar að nýrri stjórn og tillögu um að árgjald verði óbreytt. Úr stjórn ganga nú ásamt mér þær Ásdís Hjálmtýsdóttir og Kristín Ingimundardóttir. Ég vil nota tækifærið og þakka stjórninni fyrir gefandi og skemmtilegt samstarf.

Þið hafið sjálfsagt velt því fyrir ykkur rétt eins og við hvaða hlutverk landssamband af þessu tagi hefur, hvað erum við að gera og hvers vegna. Ástæðan fyrir því að sambandið var stofnað og að stjórnin er að fást við það sem hún er að gera er einfaldlega sú að við trúum því að saman séum við sterkari en við getum verið einar og sér á báti.

Ég ætla nú að fjalla um starf stjórnar frá því við vorum kjörnar á aðalfundi 11. september 2004. Stjórnin hélt alls 6 fundi og eru allar fundargerðir inni á heimasíðunni. Á fyrsta fundi voru lagðar línur að vetrarstarfinu og ákveðið með hvaða hætti stjórnin ætti að starfa til þess að ná markmiðum Gígunnar skv. 2. og 3. grein laga.

Samkvæmt þeim ber okkur að efla starfsemi og samstarf kvennakóra landsins. Þá ber okkur að safna og miðla um þá upplýsingum og auka erlend samskipti.

Þessum markmiðum eigum við að ná með því að halda úti heimasíðu landssambandsins, standa að kvennakóramótum á þriggja ára fresti, stuðla að námskeiðahaldi og efla tengsl við sambærileg sambönd erlendis.

Það verk sem við settum okkur fyrir í haust og erum stoltastar af er endurreisn heimasíðunnar og sú upplýsingaöflun sem átti sér stað til þess að hún kæmi að sem bestum notum. Það er Heiða Gunnarsdóttir sem borið hitann og þungann af þessu starfi og við þökkum henni kærlega fyrir. Hún hefur verið ritari stjórnar og haft umsjón með heimasíðunni. Á heimasíðunni er að finna

upplýsingar um alla aðildarkóra Gígjunnar, fréttir af tónleikahaldi þeirra og annarri starfsemi, útgáfu, stjórnir og stjórnendur kóra og stofnár, myndir af kórnum, tenglar við tónlistarvefi þar sem t.d. má finna ókeypis nótur og kaupa nótur. Þar er einnig að finna upplýsingar um kóramót og kórakeppni. Hins vegar vil ég leggja áherslu á að það er undir ykkur komið að halda heimasíðunni lifandi með því að senda okkur upplýsingar um ykkar starf og ábendingar um annað efni.

Þá gaf stjórnin út fréttabréf 24. febrúar sem sent var öllum aðildarkórum þar sem aðalfundur var auglýstur, frétt var frá mótsstjórn, fjallað um málþing Gígjunnar, norræna kóramótið og sendur upplýsingabæklingur um það og hvert kórar skyldu snúa sér sem ætluðu á mótið.

Við ákváðum einnig að hver stjórnarkona ætti sér sinn fósturkór sem hún bæri ábyrgð á að hafa samband við ef á þyrfti að halda. Þetta tengslanet var t.d. til þess að afla upplýsinga um kórana á heimasíðu Gígjunnar. Þá var það notað til þess að hvetja konur til þess að sækja málþingið.

Eins og minnst var á hér áðan þá er það hlutverk Gígjunnar, skv. lögum að standa fyrir námskeiðum. Að svo stöddu ákváðum þess í stað að halda málþing fyrir stjórnir og stjórnendur kóra. Það var haldið 4. mars en eitt megin markmið með málþinginu var að kalla saman kóra Gígjunnar til þess að stjórnendur og stjórnir þeirra gætu hist og skipst á skoðunum. Málþingið hófst með því að Stúlnakór Reykjavíkur söng undir stjórn Margrétar J. Pálmadóttur. Margrét Bóasdóttir opnaði nýtt vefsetur Gígjunnar í fjarveru menntamálaráðherra sem forfallaðist á síðustu stundu. Margrét Bóasdóttir, Margrét J. Pálmadóttir, Soffía Jakobsdóttir, Sigrún Þorgeirsdóttir og Ásdís Helga Bjarnadóttir fluttu erindi og fjölluðu um starf og samstarf innlendra og erlendra kvennakóra að fornu og nýju. Málþinginu lauk á óformlegum umræðum þar sem kórkonur gátu skipst á skoðunum og upplýsingum. Þetta var í fyrsta sinn sem slíkt málþing var haldið og við viljum fyrir hönd stjórnar Gígjunnar þakka ykkur öllum kærlega fyrir skemmtilega samverustund.

Ég geri ráð fyrir að stjórnin vilji gjarnan fá ábendingar um hvort þið hafið áhuga á að Gígjan standi fyrir námskeiðum og þá um hvað og fyrir hverja.

Flestir fundargesta mun nú vera á leið á 6. landsmót íslenskra kvennakóra sem verður sett hér á eftir. Það er Kvennakór Hafnarfjarðar sem annast mótið að þessu sinni. Samkvæmt lögum Gígjunnar á landssambandið að standa að slíkum mótum þó það hafi ekki verið þannig að þessu sinni, enda Gígjan nýstofnuð þegar undirbúningur við þetta mót hófst.

Auðvitað væri skemmtilegt að geta gengið frá því fyrir mótslok hvar mótið verður haldið næst, en ef það tekst ekki þá geri ég ráð fyrir að stjórnin auglýsi eftir umsóknum meðal aðildarkóranna. Í framhaldi af því yrði skipuð sameiginleg undirbúningsnefnd Gígjunnar og gestgjafakórsins. Undir dagskrárlíðnum önnur mál hér á eftir viljum við lýsa eftir tillögum um hvaða kór eða kórar vilja standa að næsta landsmóti eftir 3 ár.

Við höfum í okkar starfi ekki viljað einskorða okkur við að starfa einungis eftir lögunum heldur taka mark á ábendingum eins og komu fram á aðalfundinum í haust um að veita kórum þjónustu t.d. upplýsingar um hvernig maður ber sig að við að skipuleggja kórferðalag til útlanda í fyrsta skipti. Við ákváðum því að slá tvær flugur í einu höggi og höfðum samband við ferðaskrifstofuna Úrval-Útsýn sem hefur sérhæft sig í skipulagningu kórferðalaga og báðum hana að annast ferðir kóra á norræna mótið í Västerås sem verður í haust. Við sömdum líka við ferðaskrifstofuna um að birtingu auglýsinga frá þeim á heimasíðu og var því gjaldi sem er 50 þúsund fyrir þetta ár ætlað greiða fyrir rekstur heimasíðunnar. Það mun þó gera meira en að greiða þann rekstur því Heiða hefur náð frábærum samningum um leigu á léni fyrir heimasíðuna og kostar hún núna aðeins 20% af því sem við greiddum áður. Gjaldið fyrir auglýsinguna verður endurskoðað næsta vor og mun hækka í 100 þúsund á næsta ári að því tilskildu að tveir kórar hafi þá leitað til ferðaskrifstofunnar um skipulag á kórferðalagi.

Þá höfum við sett upplýsingar á heimasíðu um hvert best er að snúa sér ætli kórar í ferðalög til Vesturheims.

Við höfum allar fundið fyrir því að lítið er gefið út af tónlist sem sérstaklega er skrifuð fyrir kvennakóra. Við höfðum því samband við Skálholtsútgáfuna sem tók þeirri hugmynd okkar vel að gefa út bók með verkum sem hafa verið sérstaklega skrifuð fyrir kvennakóra. Við skrifuðum ykkur og báðum um ábendingar og leyfi til þess að verk sem þið hafið sjálfar látið skrifa væru gefin út í sérstakri bók í samvinnu Gíggunnar og Skálholtsútgáfunnar. Þá hafði útgáfan Ísalög samband við okkur og bað um samstarf. Þegar hafa borist ábendingar og leyfi um að gefa út verk frá Kvennakór Garðabæjar, Kvennakór Reykjavíkur, Freyjukórnum og Kvennakórnum Vox feminae. Við ætlum því að halda samningaviðræðum áfram við þessa aðila og vonandi leiða þær til útgáfu í haust. Við biðjum ykkur því að senda okkur fleiri ábendingar og nótur.

Við höfum sótt um aðild að SFH, samtökum flytjenda og hljómplötuútgefenda. Fyrstu umsókn okkar var hafnað vegna þess að í henni voru ekki upplýsingar um geisladiskaútgáfu kóranna síðustu 4 árin. Við sendum því inn nýja umsókn í haust með þessum upplýsingum og umsókn okkar verður afgreidd á aðalfundi í maí.

Þessi samtök munu úthluta fé til aðildarféлага á grundvelli útgáfu og það var m.a. þess vegna sem við söfnuðum saman upplýsingum um geisladiskaútgáfu aðildarkóra. Við höfum rætt það í stjórninni að því væri e.t.v. eðlilegast ef til kemur að stofna útgáfusjóð Gíggunnar sem kórarnir gætu sótt í. Það er þó næstu stjórnar eða aðalfundar að ákveða þetta.

Við höfum rætt um það í stjórninni að við hefðum þörf fyrir að leita til fagaðila um góð ráð um það sem lýtur að störfum Gíggunnar. Við ákváðum því að leita til Margrétar Bóasdóttur, söngkonu og kórstjóra, sem var frumkvöðull að stofnun landssambandsins og biðja hana um að verða formlegur verndari Gíggunnar. Í því fælist að við mættum leita til hennar um ráð í ýmsum málum og hún sæti einn fund með stjórn árlega ef stjórnin óskaði eftir því. Margrét

var svo elskuleg að samþykkja þetta. Því miður getur hún ekki verið viðstödd aðalfundinn vegna anna í Söngskólanum en hún bað fyrir góðar kveðjur til okkar allra. Ég vona að það teljist ekki brot á fundarsköpum ef ég bið ykkur að fagna þessu með lófataki.

*Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, vil ítreka þakkir til stjórnarinnar fyrir frábært samstarf og óska Gígjunni góðs gengis í framtíðinni.
Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir*

3. Endurskoðaðir ársreikningar

Kristín G. Ingimundardóttir, gjaldkeri Gígjunnar gerði grein fyrir endurskoðuðum ársreikningum Gígjunnar sem lágu fyrir á fundinum. Þeir voru samþykktir einróma.

4. Stjórnarkjör, tillögur frá stjórn

Þrjár konur ganga nú úr stjórn

Ásdís Hjálmtýsdóttir, Kristín G. Ingimundardóttir og Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir voru kosnar í stjórn 5. apríl 2003 og ganga nú úr stjórn samkvæmt lögum félagsins. Heiða Gunnarsdóttir, Gospelsysturum Reykjavíkur og Ásdís Helga Bjarnadóttir, Freyjukórnum, Borgarfirði, sitja áfram í stjórn. Samþykkt samhljóða.

Lagt til að eftirtaldar konur verði kosnar í aðalstjórn:

Erna Gísladóttir, Kvennakór Hornafjarðar, Margrét Rósa Grímsdóttir, Kvennakór Reykjavíkur og Sigrún Óskarsdóttir, Kvennakór Hafnarfjarðar
Lagt til að Ásdís Helga Bjarnadóttir verði formaður en samkvæmt lögum skiptir stjórnin að öðru leyti með sér verkum. Samþykkt samhljóða.

Lagt til að eftirtaldar konur verði kosnar í varastjórn:

Hildur Pálsdóttir, Vox feminae og María Vilhjálmsdóttir, Kvennakór Garðabæjar. Ásdís Björnsdóttir, Vox feminae gengur úr stjórn. Kjósa þarf því eina konu í varastjórn. Fram kom að til viðbótar þyrfti að kjósa eina konu í varastjórn og var auglýst eftir tillögum á fundinum. Fram kom tillaga um Freyju Friðbjarnardóttur, Kyrjukórnum í Þorlákshöfn. Samþykkt samhljóða.

5. Lagabreytingar

Ekki höfðu borist tillögur um lagabreytingar og féll sá dagskrárliður niður.

6. Ákvörðun árgjalds

Fyrir fundinum lá tillaga frá stjórn um að árgjald yrði óbreytt, þ.e. 200 krónur á hvern kórfélaga. Samþykkt samhljóða.

7. Önnur mál

7.1 Fjölís

Elín Helgadóttir, framkvæmdastjóri Fjölís kynnti samningsfyrirmynd sem Fjölís, hagsmunafélag samtaka sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkum sem njóta höfundaréttarverndar og nýtt eru með ljósritun og annarri hliðstæðri eftirgerð rita, hins vegar. Í máli Elínar kom fram að slíkur samningur hefur

þegar verið gerður við einhverja karlakóra en ekki við neinn blandaðan kór. Elín svaraði fyrirspurnum fundarkvenna og vék síðan af fundi. Nokkrar umræður urðu um málið og m.a. fram að Gígjan mun ekki taka að sér slíka samningagerð og einnig að Gígjan álítur rétt að flýta sér hægt í þessu máli og t.d. eðlilegra að bíða eftir því að blandaðir kórar geri slíka samninga.

7.2 Landsmótið

Halla Þórðardóttir, í undirbúningsnefnd landsmóts kvennakóra bauð fundarkonur velkomnar á landsmótið. Hún ræddi síðan um undirbúningsvinnu sem hvílt hefur á herðum sérstakrar landsmótsnefndar. Á fimmta hundrað kórkonur eru nú skráðar á mótið.

7.3 Næsta landsmót

Rætt um næsta landsmót en hugmyndir hafa verið um að halda það á Suðurlandi árið 2008, t.d. á Hornafirði. Endanleg ákvörðun verður væntanlega tekin á sérstökum formannafundi sem haldinn verður að morgni 1. maí.

7.4 Þakkir

Ingibjörg Guðjónsdóttir, stjórnandi Kvennakórs Garðabæjar kvaðst vilja þakka fráfaraði stjórn vel unnin störf við málþing, heimasíðu, og undirbúning útgáfu.

Fleira ekki gert og var fundi slitið kl 18:45

Ritarar fundargerðar:

Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir og Ásdís Hjálmtýsdóttir.